



FLE Stækkun Norðurbyggingar til vesturs

Verkið - **Flugstöð Leifs Eiríkssonar - Norðurbygging** - er áfangi í u.þ.b. 4300 fermetra stækkun norðurbyggingar Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar og snýr annars vegar að viðbyggingu til suðvesturs fyrir starfsmannahlið, vörumóttöku og stækkun farangursflokka brottfarar farþega og hinsvegar að viðbyggingu til suðausturs sem hýsir komufæribönd. Breyta þarf aðkomu brottfararumferðar að inngangi flugstöðvarinnar og rífa vegg sem skilur að núverandi þjónustuinngang og brottfararumferð.

Viðbygging til suðvesturs verður að hluta til á tveimur hæðum með staðsteyptum undirstöðum og botnplötu. Húsið verður stálgrindarhús klætt með yleiningum (samlokueiningar). Innveggir verða byggðir úr blikkstoðum, eldvarnarspónaplötum og efni sem þolir mikinn ágang. Kerfisloft er í vopnaleitarrými, kaffistofum, salernum og skrifstofum. Byggingin mun verða fulllofttræst, með góðri hljóðeinangrun og frágengin með slitsterkum efnum.

Viðbygging til suðausturs verður á einni hæð með staðsteyptum undirstöðum, núverandi fluglað verður nýtt sem botnplata. Húsið verður stálgrindarhús klætt með yleiningum (samlokueiningar).

Helstu magntölur:

- Uppgröftur: 1 3.300 m³
- Fyllingar: 10.000 m³
- Mótaflétir: 2.510 fermetrar
- Járnabending: 79.000 kílógrömm
- Steypa: 1.300 m³
- Stálvirki: 308.000 kílógrömm
- Samlokueiningar í þak og vegg: 6.900 fermetrar
- Gifsveggir: 2.560 fermetrar
- Malbikað plan: 3.900 fermetrar

Verkkaupi:

- Isavia

Tímabil:

- September 2015 - júní 2016

Hönnuðir:

- Teikn Arkitektþjónusta
- Burðarþol: Verkis

Hlutverk ÍSTAKS:

- Aðalverktaki